

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
umhverfis- og auðlindaráðherra  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 5.10.2020  
Tilvísun: 202010-0007/24-1-0 Fuglar - almennt  
OKN  
okn/jgo

### Efni: Veiðipól rjúpnastofnsins 2020

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðipól rjúpnastofnsins haustið 2020 og er niðurstöðurnar að finna í meðfylgjandi greinargerð. Forsendur matsins byggja á þeirri stefnu stjórnvalda að rjúpnaveiðar skuli vera sjálfbærar í þeim skilningi að stofninn nái að sveiflast á milli lágmarks- og hámarksára innan þeirra marka sem náttúruleg skilyrði setja honum hverju sinni.

Rjúpnastofninn er í niðursveiflu um allt Norðurland, á Austurlandi er stofninn að rísa úr lágmarki og um vestanvert landið er stofninn líklega að ná hámarksfjölda. Viðkoma rjúpunnar á Norðausturlandi var afleit og réðu því hrakviðri um miðjan júlí. Þessa illviðris gætti frá Strandasýslu í vestri og austur um til Norður Þingeyjarsýslu og væntanlega er viðkomubrestur raunin hjá rjúpunni á öllu þessu landsvæði. Á Suðvesturlandi var afkoma rjúpuunga hins vegar ágæt. Áætlaður rjúpnafjöldi haustið 2020 er einn sá lægsti miðað við síðustu áratugi. Rétt er að taka fram að þessir útreikningar byggja á gögnum fyrir Norðausturland og mögulega er stofnstærð vanmetin.

Gögn sýna að stjórnun veiða í kjölfar rjúpnaveiðibanns 2003–2004 hefur í meginatriðum gengið vel. Verulega hefur dregið úr heildarveiði og bein afföll vegna veiða hafa lækkað mikið. Markmið veiðistjórnunar er að lækka svokallaðan  $Z_2$ -dánarstuðul en veiðar eru hluti af honum. Þessi dánarstuðull er sameiginlegur aldurshópum rjúpunnar, fyrsta árs fuglum og eldri fuglum, og það er hækkun á þessum stuðli sem skýrir hnignun rjúpnastofnsins síðustu 30 til 40 ár. Svörunin var skýr friðunarárin tvö og lækkaði stuðullinn þá. Þrátt fyrir hlutfallslega miklu minni veiði frá 2005 samanborið við árin fyrir 2003 hefur  $Z_2$ -dánarstuðullinn verið mjög breytilegur síðan og sveiflast upp og niður og sýnir marktækt jákvætt samband við stofnstærð árið á undan. Það er líkast því sem að einum megináhrifavaldi í stofnbreytingum rjúpunnar síðustu áratugi, og þá erum við að tala um áhrif skotveiða, hafi verið skipt út og að önnur öfl skipi nú þann sess. Í því sambandi hefur verið bent á þætti sem hafa áhrif á heilsufar fuglanna líkt og sníkjudýrasýkingar

Enginn ágreiningur var um ástand rjúpnastofnsins 2020 og árangur veiðistjórnunar 2005 til 2020 á samráðsfundi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, umhverfis- og auðlindaráðuneytis,



Umhverfisstofnunar, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar sem haldinn var 10. september sl.

Reiknuð heildarstærð varpstofns rjúpu vorið 2020 var metin 99 þúsund fuglar. Framreiknuð stærð veiðistofns 2020 er 280 þúsund fuglar miðað við að hlutfall unga á veiðitíma sé 71%. Með varpstofni annars vegar og veiðistofni hins vegar er átt við fjölda fugla á lífi í upphafi varptíma og í upphafi veiðitíma. Samkvæmt framangreindum útreikningum er ráðlögð veiði 2020 um 25 þúsund fuglar. Ráðlagður afli miðað við að um 5 þúsund veiðimenn gangi til rjúpna er því um 5 fuglar á mann. Þessi ráðgjöf miðast við það að áhrif veiða séu ekki önnur en þau að veiðiafföll bætast að fullu við náttúruleg afföll.

Það er gleðiefni að vinna við stofnlíkan fyrir rjúpu skuli hafin aftur og að lyktir þessa áfanga séu í augnsýn. Mikilvægt er að nýta þetta líkan við stjórnun rjúpnaveiða og jafnframt þurfum við að vera tilbúnir til að halda áfram að þróa líkanið og betrumbæta. Rétt er jafnframt að benda á að nokkrar aðrar spurningar sem tengjast vistfræði rjúpunnar og nýtingu þurfa svara við, það er tengsl veiðiaffalla og heildaraffalla, einnig áhrif veiða á streitu hjá rjúpu, og eins að rannsaka hvað ráði lélegri viðkomu rjúpuunga síðustu 15 til 20 ár.

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað haustið 2019 að rjúpnaveiðitíminn yrði 22 dagar og að sama fyrirkomulag skyldi gilda 2020 og 2021 nema eitthvað óvænt komi upp. Niðurstöður rjúpnatalninga vorið 2020 sýndu í sjálfu sér ekkert óvænt, stofnsveiflan er úr fasa eftir landshlutum, sums staðar er stofninn í eða nærri hámarki, annars staðar í lágmarki og enn annars staðar einhverstaðar þar á milli. Það sem er óvænt í stöðunni 2020 er viðkomubrestur sem spannar að öllum líkindum allt land frá Strandasýslu í vestri til Norður-Þingeyjarsýslu í austri, þetta eru meginuppeldisstöðvar rjúpu á Íslandi. Í samræmi við það er veiðistofn rjúpu metinn einn sá minnsti síðan mælingar hófust 1995. Að því gefnu að sömu tengsl sóknar og veiðiaffalla gildi 2020 og 2005 til 2019 þá verður rjúpnaveiði lítil eða um 30 þúsund fuglar. Aðeins einu sinni áður, haustið 2002, hefur veiðistofninn verið metinn viðlíka lítill. Árin fyrir friðun var sóknarmynstrið annað og haustið 2002 voru skotnar um 80 þúsund rjúpur eða um þriðjungur af metnum veiðistofni. Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar og afli verði ekki umfram 10% af veiðistofni eins og reyndin hefur verið frá 2005.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

